



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskóladeild Ártúnsskóla

2021 – 2022



Árangur - Virðing - Vellíðan

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



1. Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Árangur - Virðing - Vellíðan	4
1. Greinargerð leikskólastjóra	4
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	5
1. Ytra mat	5
2. Foreldrakönnun	5
3. Starfsmannakönnun	6
3. Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022.....	7
1. Innra mat Háholts	7
2. Innra mat Lágholts.....	10
3. Innra mat Árholts	12
4. Innra mat sérkennslu.....	14
5. Innra mat – fjöltyngd börn	15
1. Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022	16
6. Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	16
7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	16
8. Foreldrasamvinna	17
9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	17
10. Fylgigögn.....	18
1. Fylgiskjal 1.....	19



Leiðarljós leikskólans: Árangur - Virðing - Vellíðan

1. Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2020-2021 er búið að færa okkur margar nýjar áskoranir og hefur kennt okkur að takast á við ný og krefjandi verkefni. Mönnunarvandi var mjög stór áskorun sem við tókumst mest á við í september, við réðum deildarstjóra á Árholt sem byrjað að vinna og hætti svo eftir rúman mánuð og þá tók smá tíma að landa nýjum deildarstjóra en það tókst að lokum. Einnig var erfitt að ráða annað starfsfólk og það tókst seint og varði í raun allan veturinn og þess vegna hófum við haustið á því að senda börn heim, sem er aldrei skemmtilegt. Ásamt því að lifa með covid, þeim verkefnum og fundum sem því tilheyrði, sem var oft á tíðum mjög flókið og tímafrekt í störfum stjórnenda. Að mega ekki hleypa foreldrum inn í leikskólanum og að taka á móti börnunum í hurðinni er krefjandi og krefst mikils undirbúnings og aukavinnu. Þessi vetur hafði mis góð áhrif á bæði börn og starfsmenn sem voru oft á tíðum tætt þennan veturinn. Þessi vetur fór í það að halda haus, láta starfsemina ganga og finna lausn á þeim fjölmörgu nýju verkefnum sem upp komu, eins og svo margir kannast við.

Vinnutímar starfsfólks hafa breyst í samræmi við styttri vinnuviku og er mikil ánægja með að vinnuvikan sé einungis 36 klst en á móti er líka krefjandi að vera færri starfsmenn í húsi þegar starfsmenn eru í styttingu.

Verkefnin Lubbi og Blær hafa verið viðloðandi starfið í leikskóladeildinni í nokkurn tíma og við erum alltaf að koma þeim betur "fyrir" í starfsemi okkar.

Á hverju hausti verjum við miklum tíma hópefli og sjálfsstyrkingu sérstaklega á eldri deildum þar sem að börn færast á milli deilda og ný börn bætast í hópinn og allir eru að læra að vinna saman og kynnst hvort öðru.

Hólmfríður Hannesdóttir aðstoðarleikskólastjóri



2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Þetta árið gafst lítill tími fyrir innra mat þar sem að það einkenndist framanaf af manneklu og svo sóttvarnarreglum.

1. Ytra mat
2. Foreldrakönnun

Skóla - og frístundasvið gerði könnun meðal foreldra í mars og apríl 2021 og var þátttaka 80,5%. Þeir þættir sem þarf að vinna betur með snúa að aðkomu foreldra að leikskólastarfinu, því sem er að gerast innan veggja leikskólans og þekkingu þeirra á stefnu leikskólans. Einnig um aðbúnað skólans hann orðinn ansi gamall og þarf að endurnýja margt. Styrkleikarnir eru að foreldrar telja að börnin fá tækifæri til að skapa verk/verkefni frá grunni og þau hafi aðgang að skapandi efnivið og að starfsfólk styðji barnið vel í leikskólanum. Veikleiki eins og áður kom fram upplýsingagjöf, þátttaka foreldra í starfinu og þekking á stefnu leikskólans.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Ég þekki stefnu/áherslur og gildi leikskólans	Spurninga-könnun	Foreldrar	3,67
Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um farmfarir barnsins	Spurninga-könnun	Foreldrar	3,67

Ég hef tekið þátt í að meta framfarir barnsins	Spurninga-könnun	Foreldrar	3.79
---	------------------	-----------	------

3. Starfsmannakönnun

Skóla- og frístundasvið gerði könnun meðal starfsfólks leikskólans í mars 2021 og þátttaka var 43%. Helstu niðurstöður eru þær að margir þættir hafa lækkað frá síðustu könnun. Styrkleikar leikskóladeildar eru samkvæmt könnuninni jafnrétti og jafnræði, fræðsla og þjálfun og gæði í störfum og þjónustu. Veikleikar eru vinnuálag, vinnuaðstaða og starfsmanna stöðugleiki. Ljóst er að vinnuaðstöðu þarf að bæta en húsnæðið er orðið “barn síns tíma” þar sem að aðstaða fyrir starfsfólk eins og að geyma og þurrka útiföt o.þ.h. er engin.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Hæfilegt vinnuálag	Starfsmanna-könnun	Starfsmenn	3,50
Starfsmanna stöðugleiki	Starfsmanna-könnun	Starfsmenn	3,50



3. Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

Ekki náðist að gera umbótaáætlun leikskólans

1. Innra mat Háholts

Við byrjuðum haustið á aðlögun og flutningi á milli deilda. Við fengum einn nýjan starfsmann sem aðlagðist okkur vel og féll inn í starfshópinn. Barnahópurinn var ekki stór fyrir áramót einungis 15 börn. Starfið fór vel af stað þar sem við unnum með sjálfseflingu og samkennd í litlum hópum. Fyrir áramót unnum við m.a. verkefni tengd barnasáttmálanum, unnum með Lubbi finnur málbein og einnig vorum við með Blæ stundir þar sem áhersla var lögð á vináttu og svo var útikennslan á sínum stað. Vegna sóttvarnaraðgerða fyrir áramót var sameining deilda þar sem 2016 árgangur Lágholts kom yfir til okkar á Háholti tímabundið og þá fjölgaði börnunum um 6. Eftir áramót unnum við þematengd verkefni ásamt því að halda áfram vinnunni með Lubba og Blæ. Í mars var svo aftur flutningur á milli deilda þar sem við fengum börnin 6 af Lágholti alfarið til okkar og um áramót höfðu bæst við tvö ný börn á Háholti og börnin því orðin 23. Eftir þessar tilfærslur tókum við smá tíma í að vinna meira með samvinnu og vináttu sem gekk ágætlega. Foreldraviðtöl voru haldin í maí og foreldrum boðin símtöl nema í undantekningum þar sem stökum var boðið í leikskólann til að einfalda samskipti gegnum túlk eða til frekari umræðu.

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Að börnin séu þátttakendur í að meta samverustundir	Börnunum voru sýndar tilfinningamyndir í lok samverustunda þar sem þau gátu sýnt hvernig þau	Börnin tóku þátt.	Styrkleikar: börnin voru spennt að sýna hvernig þau upplifðu stundina og þetta hvatti starfsfólkið til þess að leggja metnað í samverustundirnar.



	upplifðu stundina.		Veikleikar: stundum var of lítill tími til þess að leggja matið fyrir börnin í því næði sem væri ákjósanlegt
--	--------------------	--	---

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Að börnin fái frjálsari hendur í sköpunarvinnu sinni	Umræður starfsmannhóps á deildarfundum	Starfsmenn deildarinnar	Styrkleikar: Rými er aðgengilegt og gott skipulag er á efnivið svo auðvelt er að stökkva til þegar tími gefst. Veikleikar: við gátum ekki gefið hverju barni þann tíma í listasmiðjunni sem við hefðum viljað þar sem við höfðum listasmiðjuna annan hvern dag á móti annari deild. Tækifæri til úrbóta er að skipta listasmiðjunni á milli deilda í viku og viku.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Að börnin taki meiri þátt í ákvörðunum um skipulagningu starfsins.	Umræður starfsmanna	Starfsmenn deildarinnar	Styrkleikar: börnin fengu mikið um það ráðið hvað þau tóku sér fyrir hendur



			innan frjálsa tíma dagsskipulagsins Veikleikar: fórum ekki nógu markvisst yfir skipulag starfsins með börnunum.
--	--	--	--

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Aukin tími í listasmiðju með börnunum, bæði frjálsan og markvissan.	Breyta vikulegri ráðstöfun deilda á rými til einföldunar.	Hafa viku og viku skiptingu frekar en ákveðna daga vikunnar.	Deildarstjórar Há- og Lágólts.	Ágúst 2021	maí 2022	Skráning á markvissum og frjálsum stundum til að athuga hvort breytingar hafi áhrif á fjölda stunda.	Að hvert barn hafi fengið tækifæri til að þessa að nýta aðföng listasmiðju um amkvísvar í mánuði.
Að auka sýnileika einkunnarorða skólans, ábyrgð virðing og vellíðan á deildinni og virkja þau í öllu starfi deildarinnar.	Að kjörorð skólans séu börnunum og starfsfólkinu samt og hafi daglega þýðingu.	Gerum þau sýnilegri og nýtum þau öllu starfinu. Tengjum þau þegar við segjum sögur, þegar þau skapa eða leika sér.	Allir starfsmenn Háólts	sept 2021	maí 2022	Umræður á deildarfundum og einstaklingsviðtöl við börn.	Að starfsfólk hafi tamið sér hugtökin í sem flestum aðstæðum og að sem flest börn hafi einhvern skilning á hugtökunum.
Að auka rólegu stundunum yfir daginn þar sem notast er við hugleiðsluáðferðir og öndun	skapast oft læti eftir valið sem er eftir hádegi og fram að útiveru	að börnin tileinki sér kjarnastöðu og djúþöndun á milli þessara þátta	Allir starfsmenn Háólts	sept 2021	maí 2022	Umræður á deildarfundum og einstaklingsviðtöl við börn.	Að börn og starfsfólk upplifi ró í lok dags



2. Innra mat Lágholts

Í ágúst 2020 tók við nýr deildarstjóri við Lágholti og annar nýr starfsmaður einnig. Aðlögun og flutningu milli deildar var í september. Sex börn úr 2016 árgangi fluttu yfir á Háholt og sjö sátu eftir. Eitt barn úr 2016 árgangi flutti á annan leikskóla í september og átta börn úr 2017 árgangi komu frá Áholti. Eitt barn í 2017 árgangi kom í aðlögun í september og voru börnin 14 á deildinni fram að áramótum. Fyrir áramót var lögð áhersla að styrkja hópinn saman og efla alla félagslega sem og styrkja einstaklingsmiðaða þætti eins og sjálfsefningu og málþroska. Starfsmannabreytingar og -ekla römmuðu starfið fyrir áramót sem og undirbúningur fyrir styttingu vinnutímans. Annað sem hafði áhrif á dagskipulag var sameining deilda fyrir áramót vegna sóttvarnaraðgerða, 2016 árgangur Lágholts fór á Háholt og 2017 árgangur fór á Árholt. Hópastarf miðaðist af því en öll tækifæri gripin til að bæta upp fyrir annan missi. Eftir áramót var aðlögun barna í janúar og mars. Eitt barn kom í 2017 árganginn í janúar og síðan komu þrjú til viðbótar 1. og 15. mars, tvö fædd 2017 og eitt 2018. Miðjan mars var einnig flutningur milli deilda og sameinaðist þá 2016 árgangur Lágholts Háholti og frá Árholti komu sex börn fædd árið 2018. Samhliða aðlögun komst var lögð áhersla á að halda hópastarfi sem lauk í apríl. Foreldraviðtöl voru haldin í maí og foreldrum boðin símtöl nema í undantekningum þar sem stökum var boðið í leikskólann til að einfalda samskipti gegnum túlk eða til frekari umræða.

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Fékk hvert barn frjálsan tíma í listasmiðju til sköpunar með frjálsan efnivið.	Umræður starfsmannhóps á deildarfundi að vori og umræður við börnin í hóp.	Starfsmannahópur Lágholts að vori.	Styrkleikar: Rými er aðgengilegt og gott skipulag er á efnivið svo auðvelt er að stökkva til þegar tími gefst. Veikleikar: Rútína hélst ekki nógu stöðug vegna sóttvarnaaðgerða, starfmannaveltu og aðlögunar barna.



Hvort samverustundir eftir hádegismat, hafi verið skipulagðari, áhugaverðari og rólegri.	Umræður starfsmannhóps á deildarfundi að vori og umræður við börnin í hóp.	Starfsmannahópur Lágholts að vori.	Styrkleikar: Rútína deildarinnar heldur þessu í föstum skorðum og aðgengi að efni til þessara stunda er gott og skipulagt. Veikleikar: Starfsmannavelta dróg úr skipulagi en ekki áhuga og rólegheit. Skipulag kom aftur með reynslu.
---	--	------------------------------------	--

Ákveðið var að endurorða umbótaþætti síðasta árs og þrengja árherslur, byggja á reynslu síðasta árs og sníða fyrirkomulagið enn betur.

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Aukin tími í listasmiðju með börnunum, bæði frjálsan og markvissan.	Breyta vikulegri ráðstöfun deilda á rými til einföldunar.	Hafa viku og viku skiptingu frekar en ákveðna daga vikunnar.	Deildarstjórar Há- og Lágholts.	Ágúst 2021	Sept 2021	Skráning á markvissum og frjálsum stundum til að athuga hvort breytingar hafi áhrif á fjölda stunda.	Að hvert barn hafi fengið tækifæri til að þessa að nýta aðföng listasmiðju amk tvisvar í mánuði.
Bæta valkosti og aðgengi þeirra í samverustundum eftir hádegi og gefa börnum kost á að velja hverju sinni en þó þannig að allir valkostir komi fyrir á reglulegu millibili.	Auka valkosti og aðgengi þeirra, en einnig hafa þá fastan fjölda sem hægt sé að velja úr.	Búum til spjöld með valkostum og leyfum börnum að kjósa hverju sinni. Valkostum fækkað svo að	Deildastjóri i Lágholts.	Ágúst 2021	Septembar 2021	Umræður á deildafundum og skráningar á stundum.	Að allir valkostir séu nýttir á tveggja vikna tímabili.
Að auka sýnileika einkunnarorða skólans, ábyrgð virðing og vellíðan á deildinni og virkja þau í öllu starfi deildarinnar.	Að kjörorð skólans séu börnunum og starfsfólkinu tamt og hafi daglega þýðingu.	Gerum þau sýnilegri og nýtum þau öllu starfinu. Tengjum þau þegar við segjum sögur, þegar þau	Allir starfsmenn Lágholts.	Septembar 2021	Maí 2022	Umræður á deildafundum og einstaklingsviðtöl við börn.	Að starfsfólk hafi tamið sér hugtökin í sem flestum aðstæðum og að sem flest börn hafi einhvern



		skapa eða leika sér.					skilning á hugtökunum.
--	--	----------------------	--	--	--	--	------------------------

3. Innra mat Árhólts

Nýr deildarstjóri tók við deildinni í Júní en síðan tók annar við í september. Aðlögun barna var tvískipt í september. Áherslan á deildinni fyrir áramót var aðlögun barna sem gekk vel og skapa dagskipulag sem samræmdest barnahópnum. Mannekla hægði á ferlinu sem og sameining deilda vegna sóttvarnaaðgerða sem einnig framlengdi aðlögun sumra barna. Eftir að sameiningu deilda lauk breyttist starfamannahópurinn og dagskipulag samræmt. Eftir áramót bættist við í barnahópin í janúar og febrúar og lögð áhersla á aðlögun. Í mars var flutningur fimm barna úr 2018 árgangi yfir á Lágholt og fleiri börn bættust á Árholt í 2019 árgang og aðlögun tók aftur við. Hún gekk vel en var í takt við manneklu, veikindu barna og sóttvarnaaðgerðir. Foreldraviðtöl voru boðuð í apríl og maí. Flest voru tekin í síma en nokkur tekin í leikskólanum í samræmi við sóttvarnaaðgerðir hverju sinni. Hópastarfi lauk í apríl og sumarstarf tók við þar sem áhersla var að aðlaga þau börn sem myndu flytja yfir á Lágholt.

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Hvort tókst að skapa ró eftir morgunmat	Umræður starfsmannahóps á deildarfundum	Starfsmannahópur Árhólts að vori	Styrkleikar: Það gekk vel að skipta hópnum í minni hóp og gekk vel að samræma barnahópna. Veikleikar: Skipting hópa háð manneklu. Rútína og skipulag þurfti að vera endurhugsað með fjölgun og breytingar í barnahópnum.

Innihald hreyfistunda hjá yngstu börnunum	Umræður starfsmannhóps á deildarfundum	Starfsmannahópur Árhólts að vori	Styrkleikar: Fyrirkomulag gekk vel fyrir áramót og almennt talin mikil ánægja og nýting á stundum. Veikleikar: Stöðug aðlögun frá ármótum og út mars gerði það erfitt að samræma hreyfistundir dagskipulaginu og samræma barnahópin svo hann nyti betur við.
--	--	----------------------------------	---

Ákveðið var að halda áfram með umbótaþætti síðasta árs og byggja á reynslu síðasta árs og fínþússa fyrirkomulagið.

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að skapa ró í leik eftir morgunmat.	Að nýta reynslu síðasta árs við hópaskiptingu til að undirbúa betur starfsmanna - og barnahópin.	Skipulagið er tilbúið en þarf að samræma við starfsmanna - og barnahópin sem kemur til að vera næsta haust.	Deildastjóri í Árhólts	Septembar 2021	Október 2021	Umræður á deildafundum og skráningar á stundum	Að upplifun starfsmanna að ró hafi skapast í leiknum eftir morgunmat.
Innihald hreyfistunda hjá yngstu börnunum	Að innihald hreyfistunda anna stuðli markvisst að eflingu líkamsþroska	Skipulag hreyfistunda er gott en endurhugsa þarf símat sem fellur betur að stafinu á deild.	Deildastjóri í Árhólts	Septembar 2021	Maí 2022	Símat yfir veturinn	Að símat sé reglulegt og tamt starfsmönnum
Að auka sýnileika einkunnarorða skólans, ábyrgð virðing og vellíðan á deildinni og virkja	Að kjörorð skólans séu börnunum og starfsfólkinu tamt og	Gerum þau sýnilegri og nýtum þau öllu starfinu. Tengjum þau þegar við	Allir starfsmenn Lágólts.	Septembar 2021	Maí 2022	Umræður á deildafundum og einstaklingsviðtöl við börn.	Að starfsfólk hafi tamið sér hugtökin í sem



þau í öllu starfi deildarinnar.	hafi daglega þýðingu.	segjum sögur, þegar þau skapa eða leika sér.					flestum aðstæðum og að sem flest börn hafi einhvern skilning á hugtökunum.
---------------------------------	-----------------------	--	--	--	--	--	--

4. Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennsla var skipulögð út frá þörfum barna, hún var haft utan deildar á meðan verið var að kenna börnum færni og innan deildar til að æfa færni í umhverfi.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS skráning fyrir öll börn eldri en 2 ára Hljóm-2 börn 5 ára og eldri, endurtekið hjá þeim sem sýndu mjög slök eða slök færni
Hvaða námsefni var notað? Vorðu t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Spil, bækur, verkefnablöð og smáforrit voru notuð í þjálfun.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATSPÁ TTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Málörvun	auka orðaforða	Orð mánaðarins	Sérkennslu stjóri og deildastjór ar	ágúst 2021	júní 2022	orðaforðalist Menntamálast ofnunnar / TRAS	Orðaforði stækkar um 5-20 orð
	málnotkun	gæða samskipti við hvert barn	Stjórnendu r og sérkennslu stjóri	ágúst 2021	maí 2022	orðaforðalisti Menntamálast ofnunnar/TRAS	Orðaforði stækkar um 5-20 orð
	Halda áfram með áætlunargerð um málörvun	Rýnt í eigið starf. Skrá niður ferli. Leikstjórastjórís érkennslustjóri og deildastjórar funda	Stjórnendu r og sérkennslu stjóri	sept 2021	maí 2022	Rýnihópur /fundir	Að áætlun sé tilbúin og starfsfólk fái kynningu um hana



Snemmt æk íhlutun	Halda áfram með áætlun um snemmtæka íhlutun	Rýnt í eigið starf. Skrá niður ferli. Leikstjórstjóri, sérkennslustjóri og deildastjórar funda	Stjórnendur og sérkennslustjóri	sept 2021	maí 2022	Rýnihópur /fundir	Að áætlun sé tilbúin og starfsfólk fái kynningu um hana
--------------------------	---	--	---------------------------------	-----------	----------	-------------------	---

5. Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Keyptar voru bækur, spil og önnur gögn
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Já, við hvetjum starfsfólk til að eiga gæða samskipti við hvert barn á leikskóla á hverjum degi. Við setjum orð á hluti í kringum okkur og grípum hvert tækifæri til að spjalla við börnin. Tvítyngd börn eru í málörvunarhóp þar sem er verið að vinna með grunnorðaforða.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já, við notum samverustundir til að dýpka orðaforða barnanna. á hverjum degi er talað um hvaða dagur er, hvernig er veðrið í dag, hvernig eigum við að klæða okkur í útiveru og það sem tengist árstíðinni. Það eru valdar bækur með mismunandi orðaforða og er spjallað um söguna. Svo er gefinn tími til að börn fá tækifæri fyrir að spjalla um sín áhugamál eða málefni sem þau vilja tala um.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við leggjum mat á framförum barna í daglegu starfi og notum TRAS skráningar til að fylgjast betur með stöðuna þeirra. Auk þess er lagt mat á getu barna í málörvunarhópi tvisvar sinnum á ári.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já, við leggjum áherslu á það að öll börn fái jafn tækifæri til að tjá sig. Við sögulestur, við spyrjum börnin hvað hefur gerst í sögunni til að fullvissa okkur um að börnin skildu söguna og æfum þannig frásögn. Það er einnig unnið með Lubba í samverustundum. Í málörvunarhópum er lagt sérstaka athygli á orðaforða og hljóðin í íslensku. Við notumst við leiki í ípad eins og Lærum og leikum með hljóðin, Orðagull og Froskaleikurinn. Börnin

	eru hvött til að eiga samskipti við hvort öðrum og læra að vinna saman. Við vinnum með tilfinningar mest gegnum Blæ
--	--

1. Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATSPÁT TUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðfer ðir?	Viðmið um árangur
Móttöku erlendra barna	Halda áfram með áætlun um móttöku erlendra barna	Rýnt í eigið starf. Skrá niður ferli. Leikstjórustjóri, sérkennslustjóri i og deildastjórar funda	Stjórnendur og sérkennslustjóri	sept 2021	maí 2022	Rýnihópar / fundir	Að áætlun sé tilbúin og starfsfólk fái kynningu um hana
Málörvun	Auka orðaforða	Gefðu 10		sept 2021	maí 2022	Orðaforðalisti Menntamálas tofnunnar	Orðaforði stækkar um 5-20 orð

6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars og apríl og tók aðstoðarleikskólastjóri þau, ekki náðist að klára að taka alla starfsmenn í samtöl eins og stefnt var að, sökum annarra verkefna.

Við höfum þann háttinn á að skoða þau fjölmörgu tilboð af námskeiðum sem auglýst eru á hverju skólaári. Stjórnendateymi skólans er vakandi yfir hvaða námskeið henta starfsemi og starfsfólki leikskólans og bregðast við tilboðum þegar þau berast. Enn fremur eru starfsþróunarsamtöl greind og fræðsla ákveðin út frá þeim. Áætlun um starfsþróun næsta árs sjá fylgiskjal 2.

7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfssamningur á milli grunnskóla- og leikskóladeildar er gerður á hverju hausti og stuðlar að því að auka samskipti og samvinnu með það markmið að auðvelda tilfærslur nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskólann. Elstu börnin í leikskólanum fara m.a. í heimsókn í fyrsta bekk, í sögustund á skólabókasafninu, á samverur hjá fyrsta bekk og fara einu sinni í viku yfir veturinn í íþróttir í íþróttasalnum. Þau heimsækja einnig Skólasel og á vormánuðum æfa þau sig að borða í matsal grunnskólans. Næst elstu börnin fara einnig í nokkrar heimsóknir yfir í grunnskólann yfir veturinn og fara tvisvar í mánuði í íþróttir í íþróttasal grunnskólans. Einnig heimsækja nemendur úr fyrsta og

fjórða bekk grunnskólans leikskólann en fjórði bekkur er vinabekkur elstu barna leikskólans. Elstu börnin í leikskólanum og fyrsti bekkur vinna samstarfsverkefni á vormánuðum og hittast þá nokkru sinnum og er börnunum þá skipt upp í hópa og eru smiðjur bæði í leik- og grunnskólanum. Að þessu sinni gekk það ekki upp vegna covid. Samstarfssamningur grunn- og leikskóladeildar sjá fylgiskjal 3.

8. Foreldrasamvinna

Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samrekinum leik- og grunnskóla, skv. 45. gr. laga um grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Við samrekin skóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Í skólaráði sitja fimmtán manns. Skólaráð fundar að jafnaði 5 sinnum á ári, fyrsta miðvikudag í mánuði anna hvern mánuð. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Foreldrafundir fara fram einu sinni á haustönn og er þá um að ræða foreldrakynningar fyrir deildirnar í leikskólanum. Þessar kynningar fara fram í september og ekki mátti halda þær vegna sóttvarnaraðgerða.

Foreldrasamtöl fara fram tvisvar á ári. Annars vegar í nóvember og hins vegar í apríl.

Í Ártúnsskóla starfar eitt foreldrafélag. Þar eru meðlimir foreldra barna í leik- og grunnskólanum. Atburðir á vegum foreldrafélagsins hafa verið m.a. jólaföndur, páskabingó, halloweenball og þrífadagur. Einnig greiðir foreldrafélagið jólasvein fyrir leitina af jólasveininum og jólaball leikskólans.

9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Fimm starfsdagar leikskólans eru á sama tíma og starfsdagar grunnskóladeildar Ártúnsskóla og þar af þrír sameiginlegir í hverfinu. Starfsdagar skólaársins 2021-2022:

24. september 2021 , 19. nóvember 2021



7. febrúar 2022 , 14. mars 2022, 29. apríl ½ dagur 2022 , 25. maí ½ dagur 2022 , 27. maí 2022

Leikskóladagatal sjá fylgiskjal 4.

10. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 2 - starfspróun 2021-2022

Fylgiskjal 3 - Samstarfssamningur grunn- og leikskóladeildar Ártúnsskóla 2020-2021

Fylgiskjal 4 - Leikskóladagatal Ártúnsskóla 2021-2022

F. h. Leikskóladeildar Ártúnsskóla

18. september 2021

Hólmfríður Hannesdóttir aðstoðarleikskólastjóri

Ellen Gísladóttir skólastjóri



1. Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2021 – 2022
Leikskóladeild Ártúnsskóla

Umsögn foreldraráðs

Skólaráð Ártúnsskóla skipa:

Ellen Gísladóttir - skólastjóri

Guðrún Bára Gunnarsdóttir - fulltrúi stjórnenda

Hólmfríður Bjargey Hannesdóttir - fulltrúi leikskóla

Birgitta Thorsteinson - fulltrúi grunnskólakennara

Bárður Steinn Jóhannesson - fulltrúi starfsmanna

Hanna Sóley Helgadóttir - fulltrúi frístundar

Guðmundur Páll Friðbertsson - fulltrúi foreldra

Helga Tryggvadóttir - fulltrúi foreldra

Helga Guðrún Snjólfsdóttir - fulltrúi foreldra

Lára Sigríður Lýðsdóttir - fulltrúi foreldra

Þráinn Fannar Gunnarsson - fulltrúi foreldrafélags

Valdimar Ísfeld Snæbjörnsson - fulltrúi nemenda

Sóldís Perla Marteinsdóttir - fulltrúi nemenda



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:





Símenntunaráætlun starfsmanna Ártúnsskóla

Námskeið/fræðslufundir/kynningar

Námskeið – fræðslufundir og kynningar	Þátttakendur	Umsjón	Tímamagn	Tímasetning
Haustsmiðjur kennara	Grunnskóla- og leikskólakennarar	SFS	4 – 16 klst.	9. - 12. ágúst
Fræðsla um erfiða hegðun nemenda	Grunnskóla-kennarar og stuðningsfulltrúar	Brúarskóli	1 klst.	16. ágúst
Einhverfu samtökin	Grunnskóla – og leikskólakennarar	Einhverfu samtökin	3 klst.	17. ágúst
Neysluveislan MÚÚ í Gufunesbæ	Starfsfólk grunnskóla	Gufunesbær	3 klst.	18. ágúst
Miðja máls og læsis - lestur	Grunnskóla-kennarar	Miðja máls og læsis	2 klst.	19. ágúst
Fingrasetning og google	Grunnskóla-kennarar	Stjórnendur og Hörður	1 klst	20. ágúst
Fjölbreyttir kennsluhættir og samþætting námsgreina	Grunnskóla-kennarar	Stjórnendur	8 klst.	Allt skólaárið
Endurskoðun skólanámskrár	Grunnskóla-kennarar	Stjórnendur	3 klst.	Haust 2021
@gskolar og google skólalausnir – kynning	Grunnskóla-og leikskólakennarar	Skólastjórnendur	1 - 2 klst.	September
Book creator	Grunnskóla – og leikskólakennarar	Skólastjórnendur Hörður	2 klst.	September
Imovie	Grunnskóla – og leikskólakennarar	Skólastjórnendur Berta	2 klst.	Október
Viðtalstækni og valdefling	Grunnskóla- og leikskólakennarar	Skólastjórnendur Bryndís	2 – 3 klst.	September/október
Endurmenntun stjórnenda	Stjórnendur	SFS	6 klst.	September
Jafnréttisfræðsla	Allt starfsfólk	Skólastjórnendur og KÍ	3 klst.	24. september
Miðja máls og læsis - leikskóli	Starfsmenn leikskóladeildar	Skólastjórnendur	2-4 klst	Haust
Hugarfrelsi, sjálfsefning	Starfsmenn leikskóladeildar	Stjórnendur	4 – 6 klst	Haust
Osmo í kennslu	Grunnskóla- og leikskólakennarar	Skólastjórnendur	2 klst	Október
Út vil ek	Grunnskóla- og leikskólakennarar	Gufunesbær	Misjafnt	Allt skólaárið
Heilsuefning starfsmanna	Allir starfsmenn	Teymi heilsuefningar og græn fána	20 klst.	Allt skólaárið
Tækninotkun í kennslu	Grunnskóla-kennarar	SFS - Mixtúra	Misjafnt	Allt skólaárið



Byrjendalæsi	Grunnskóla- kennarar	Háskólinn á Akureyri	20 klst.	Allt skólaárið
Jafningjafræðsla	Grunnskóla – og leikskólakennarar	Stjórnendur	4 – 6 klst.	Allt skólaárið
Öskudagsrástefna	Grunnskóla- kennarar	SFS	4. klst.	2. mars
Námsferð	Allir starfsmenn	Ferðanefnd	16 klst.	25. – 29. maí
Íslensku námskeið	Starfsmenn með annað móðurmál en íslensku	Stjórnendur	20 klst.	Á skólaárinu

Skólastjórnendur áskilja sér rétt til að fella niður námskeið / fræðslufundi eða færa til á skólaárinu

Samstarf milli grunnskóla - og leikskóladeildar Ártúnsskóla 2020 - 2021

Samstarfssamningur milli grunnskóla- og leikskóladeildar stuðlar að því að auka samskipti og samvinnu grunnskóla- og leikskóladeildar með það markmið að auðvelda tilfærslu nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskólann.

Í Fjólubláa hópnum (árg.2015) í leikskóladeild Ártúnsskóla eru 9 börn veturinn 2020 – 2021.

Á skólaárinu 2020-2021 verða eftirtalin skref tekin til að ná framangreindu markmiði:

1. Fagfundir:

Í skólanum er starfandi stuðningsteymi og yngri barna teymi sem funda reglulega yfir skólaárið. **Skilafundur Fjólubláa hópsins úr leikskóladeild yfir í grunnskóladeild verður 29. apríl kl. 10:00.**

2. Heimsóknir- Fjólublái hópur:

- a. heimsækir 1. bekk fimmtudaginn **26. nóvember og 11. febrúar kl. 9:05 – 10:05.** Í heimsókninni munu leikskólanemendur kynna fjölbreyttum námsgreinum, borða nesti og fara í frímínútur.
- b. er með íþróttatíma í íþróttahúsi **fimmtudaga kl.10:05-10:45.**
- c. kemur í þrjú skipti í sögustund/kennslustund á skólasafn skólans, **fimmtudagana 15. október, 14. janúar og 25. mars kl. 9:05.**
- d. kemur á Föstudagssamverur 1.bekkjar **4. desember og 7. maí kl. 8:25.**
- e. heimsækir Skólasel einu sinni fyrir jóla og tvisvar sinnum eftir jóla **þriðjudagana 10. nóvember, 9. mars og 11. maí kl. 9:05 – 9:45.**
- f. Fulltrúar nemenda úr Fjólubláa hóp funda a.m.k. 3 fundi með umhverfisnefnd grunnskólans þ.e. undirbúningsfund að hausti, aðalfund að hausti og vorfund. Starfar með grunnskólanum að verkefnum eins oft og þörf er á.
- g. Borðar hádegisverð í mötuneyti grunnskólans dagana 3. – 7. maí 2021.

3. Samstarfsverkefni

Fjólublái hópurinn mun vinna þemaverkefni með 1. bekk og frístund á vordögum. Skipulag í umsjón 1. bekkjarkennara og deildarstjóra Háholts.

4. Heimsóknir-Blái hópur:

- fer á föstudagssamveru hjá 3. bekk **13. nóvember og 12. febrúar kl. 8:25.**
- kemur í tvö skipti á skólaárinu í sögustund á skólasafn **þriðjudagana 12. janúar og 23. mars kl. 9:05.**
- er með íþróttatíma í íþróttahúsi **þriðjudaga kl.10:05-10:45.**

5. 1. bekkur úr Ártúnsskóla:

- Föstudaginn 11. desember kl. 10:15** mun 1. bekkur heimsækja Fjólubláa hópinn í leikskólann og syngja með þeim jólalög og skiptast á jólakortum.
- Í maí verður opið hús í leikskólanum. Dagsetning hefur ekki verið ákveðin. Nemendum í 1. bekk verður boðið í heimsókn í leikskólann að skoða verkin sem verða til sýnis.

6. Eldri nemendur – heimsókn:

- Nemendur 4.b eru vinabekkur fjólubláahópsins. Nemendur úr **4. GS** munu heimsækja leikskóladeildina og lesa stuttar sögur og ljóð fyrir leikskólanemendur **miðvikudagana 28. október og 10. febrúar kl. 9:05.**

Ártúnsholti 1. september 2020

Guðrún Bára Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri Ártúnsskóla

Hólmfríður Bjargey Hannesdóttir aðstoðarleikskólastjóri Ártúnsskóla

Leikskóladeild Ártúnsskóla

Ágúst	September	Október	Nóvember
Leikskólinn opnar eftir sumarleyfi Foreldraviðtöl vegna nýrra barna	24. STARFSDAGUR Litadagur 26. Evrópski tungumáladagurinn Aðlögun nýrra barna Foreldrafundir Hópastarf hefst á deildum	Bleikur dagur Aðalfundur foreldrafélagsins 27. Alþjóðlegi bangsadagurinn Foreldrakaffi	Litadagur 8. baráttudagur gegn einelti = vináttuverkefni 16. dagur íslenskrar tungu=samvera í sal foreldraviðtöl 19. STARFSDAGUR Jólafondur foreldrafélagsins
Desember	Janúar	Febrúar	Mars
Hópastarf í frí = jólastemning á deildum Fullveldisdagurinn 1. desember = sam- verustund í sal piparkökubakstur barna 1. bekkur og elstu börnin skiptast á jólakortum Leitin af jólasveininum = Foreldrum boðið með Jólasveinahúfudagur og rauður dagur Jólasýning á Árbæjarsafni (árg.2016) Jólamatur og jólaball	6. þrettándinn = dönsum út jólin Hópastarf hefst aftur Dótadagur Vasaljósadagur 21. Bóndadagur = Þorablót í hádegi	6. Dagur leikskólans (sunnudagur) 7. STARFSDAGUR 28. Bolludagur = Börnin baka brauð- bollur og borða í síðdegishressingu	1. Sprengidagur = saltkjöt í matinn 2. Öskudagur = furðufataball í sal 14. STARFSDAGUR 21. alþjóðlegi downs = misliti sokkad. Foreldrakaffi Hrósdagur
Apríl	Maí	Júní	Júlí
Foreldraviðtöl 2. Dagur einhverfunnar = Blár dagur Barnamenningarhátíð 20. í tilefni af síðasta vetrardegi = Náttfataball 25. dagur umhverfis 29. 1/2 STARFSDAGUR EFTIR HÁDEGI	Foreldraviðtöl vegna nýrra barna Opið hús Elstu börnin í grunnskólaheimsókn með foreldrum sínum Sveitaferð leikskólans (foreldrafélag) Útskriftarferð elstu barnanna Útskrift elstu barnanna 25. 1/2 STARFSDAGUR EFTIR HÁDEGI 27. STARFSDAGUR	Sameiginlegt grill með grunnskólanum Íþróttahátíð í leikskólanum Útidótadagur	Leikskólinn lokar í fjórar vikur

Í byrjun hvers mánaðar sendum við heim og hengjum upp dagskrá mánaðarins með þeim atburðum sem eru á skipulagi og afmælisdögum barnanna.